

EFTIRLITSSKÝRSLA

Benchmark Genetics Iceland hf. Kalmanstjörn



Dags eftirlits	21.8.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Benchmark Genetics Iceland hf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Bæjarhraun 14	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	620391-1079	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Kristján Kristmannsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Julia Morozova	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik kom fram í eftirlitinu. Þrjár ábendingar voru gerðar: 1) Huga þarf að nákvæmni mælinga á efnainnihaldi í vatnssýnum. 2) Draga skal, eins og mögulegt er, úr hættu á að spilliefni berist út í umhverfið. 3) Viðeigandi öryggisblöð skulu vera til staðar þar sem spilliefni eru annað hvort geymd eða notuð.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Benchmark Genetics Iceland hf. í Kalmanstjörn, Reykjanesi.

Benchmark, Kalmanstjörn er með nýtt starfsleyfi sem var gefið út þann 24.11.2022 og tekur til eldis með allt að 600 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti, m.a. nýtt starfsleyfi rekstraraðila
2. Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi
3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
4. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
5. Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg
6. Kynning á nýrri gjaldskrá UST
7. Kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits
8. Önnur mál
9. Skoðunarferð

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti, m.a. nýtt starfsleyfi rekstraraðila
Nýtt starfsleyfi var gefið út þann 24. nóvember 2022. Farið var yfir nýja starfsleyfið, m.a. að strangari kröfur eru nú gerðar til losunar á fosfór í frárennsli.

2. Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi
Ársyfirliti og grænu bókhaldi var skilað á tilskildum tíma fyrir árið 2022. Samkvæmt útreikningum rekstraraðila var losun fosfórs árið 2022 innan heimildar í þágildandi starfsleyfi. Rekstraraðila er bent á að leyfileg losun á fosfór skv. núgildandi starfsleyfi er 10 kg/framleitt tonn en hún var 14 kg/framleitt tonn skv. eldra starfsleyfi. Rekstraraðila er einnig bent á að huga að nákvæmni mælinga á magni fosfórs í frárennsli og senda eftirlitsaðila útreikninga á losun fosfórs.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
Smávægilegar breytingar voru gerðar á áhættumatinu frá síðasta eftirliti, en þær breyta ekki niðurstöðu matsins.

4. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
Umhverfisstofnun öðlaðist með breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, heimild til álagninga stjórnvaldssekta

5. Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg

Kynntur var gagnagrunnur sem Umhverfisstofnun safnar upplýsingum í, um svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða grunur er um mengun.

6. Kynning á nýrri gjaldskrá UST

Ný gjaldskrá Umhverfisstofnunar tók gildi 1. mars sl. og fylgdu upplýsingar um hana þegar eftirlitið var boðað.

7. Kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits

Umhverfisstofnun hefur breytt verklagi sínu varðandi boðun eftirlita og mun héðan í frá boða reglubundnar vettvangsheimsóknir með skemmri fyrirvara en venja hefur verið. Tímasetning vettvangsheimsókna getur einnig verið utan hefðbundins skrifstofutíma, á kvöldin og um helgar. Farið var yfir tengiliðaupplýsingar rekstraraðila.

8. Önnur mál

Sá farvegur sem dauðfiskur fór í þar til seint á síðasta ári, hefur ekki verið í boði síðan þá og er hann því urðaður. Annar úrgangur fær viðeigandi meðferð.

9. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Rekstraraðila er bent á að draga eins og mögulegt er úr hættu á að spilliefni berist út í umhverfið, en þunnar lausnir í nokkru magni voru geymdar án lekavarna. Auk þess skal þess gætt að viðeigandi öryggisblöð séu til staðar þar sem spilliefni eru annað hvort geymd eða notuð.

ÁBENDINGAR

Þrjár ábendingar voru gerðar í eftirlitinu:

- 1) Huga þarf að nákvæmni mælinga á styrk fosfórs í frárennsli.
- 2) Draga skal eins og mögulegt er úr hættu á að spilliefni berist út í umhverfið, m.a. með því að geyma öll spilliefni (og lausnir þeirra) í lekabyttum og blanda ekki meira en nota á hverju sinni.
- 3) Viðeigandi öryggisblöð skulu vera til staðar þar sem spilliefni eru annað hvort geymd eða notuð. Fjarlægja skal öryggisblöð efna sem ekki eru í notkun.


ANNAÐ

Eftirlit á vegum Orkustofnunar fór fram samhliða eftirliti Umhverfisstofnunar.

Reykjavík, 08.09.2023

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Freyr Evarsson